

**Ed.**

## **94. Frumvarp til laga**

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Kristinn E. Andrésson.

### 1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðræktarstyrk hvers býlis og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög, nr. 43 23. júní 1923, gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er farið hafa til afgjaldsgreiðslu býlanna, og skal telja aðeins þann hluta afgjaldsins, er nemur venjulegum jarðabótastyrk, miðað við þá dagsverkatölu, er jarðarafgjöldin voru reiknuð eftir. Samhliða þessari spjaldskrá skal Búnaðarfélag Íslands gera aðra spjaldskrá, er sýni stærð á véltæku túni hvers býlis samkvæmt jarðamati og þau mannvirki býlisins, sem styrkhæf eru samkvæmt 9. gr. I. og V. og bæti síðan inn á þá skrá þeirri viðbót, sem verður með árlegum umbótum jarðanna.

Styrkur sá til jarðræktar og húsabóta, er 9. gr. ákveður, skal þessum breytingum háður:

- a. Býlum, sem hafa minna en 8 hektara af véltæku túni, greiðist til túnræktar samkvæmt 9. gr. II., III. og IV. 100% hærri styrkur en sú grein ákveður.
- b. Býlum, sem fengið hafa samtals minna en 2000 kr., greiðist til húsabóta samkvæmt 9. gr. I. og V. 30% hærri styrkur en sú grein ákveður.
- c. Býlum, sem fengið hafa samtals 6000—7500 kr., skal greiða 30% minna fyrir hvert verk.
- d. Býlum, sem fengið hafa samtals meira en 7500 kr., skal greiða 50% minna fyrir hvert verk.

Býlum, sem hafa 8—10 hektara af véltæku túni og hafa fengið 2000—6000 kr., skal greiða styrk til jarðræktar og húsabóta samkvæmt 9. gr., en býlum, sem hafa meira en 10 hektara af véltæku túni, greiðist enginn styrkur samkvæmt 9. gr. II., III. og IV., og býlum, sem hafa komið sér upp mannvirkjum þeim, er greind eru í 9. gr. I. og V. og að mati Búnaðarfélags Íslands fullnægja þörfum býlis, sem hefur 10 hektara af véltæku túni eða meira, greiðist enginn styrkur samkv. 9. gr. I. og V.

EKKI nær ákvæði d-liðs þessarar greinar svo og ákvæðin, sem takmarka rétt býlis til styrks, til þeirra bóa, er bæjarfélög reka og starfrækt eru vegna þess að ókleift er, sakir erfiðleika og dýrleika, að flytja nauðsynlega neyzlumjólk til bæjarins handa íbúunum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Sama gildir um hámark það, sem ákveðið er í 9. gr. III. j. um styrk til grjótnáms, að því er snertir býli við kaupstaði, þar sem svo stendur á sem að ofan greinir og ekki er kostur á ræktun, nema í mjög grýttum jarðvegi.

Hækkunar á styrk þeim, er 9. gr. ákveður, njóti aðeins jarðir samkvæmt skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, svo og nýbýli, sem rekinn er sjálfstæður búrekstur á sem aðalatvinna, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

### 2. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands ákveður árlega, hver hámarksstyrkurinn fyrir hvert býli skal vera á árinu.

### G r e i n a r g e r ð .

Á tveim þingum áður, árið 1939 og 1941, var flutt frumvarp nærri samhljóða þessu, og á þingi 1942 breytingartillaga, sem gekk í sömu átt, við frumvarp til laga um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936. Við getum því látið nægja hér að vísa til þeirra greinargerða, sem fylgdu frumv. áður. Rétt er aðeins að minna á það, að á þá styrki, sem greindir eru í frumv., greiðist verðlagsuppbót samkvæmt 10. gr. jarðræktarlaga, og telst sú uppbót þá ekki með við útreikning hámarksupphæða þeirra, sem um getur í 11. gr. (sbr. jarðræktarlögin nýju, nr. 54 4. júlí 1942).